

# Tré í potti



Mjög auðvelt er að sníða verkefnið að mismunandi aldurstigum. Einföld útfærsla gæti hentað hjá 3. bekk og erfiðari hjá 5. bekk. Verkefnið tekur fimm til sex kennslustundir.

Gott er að lesa kennsluleiðbeiningar með nemendum og sýna þeim viðeigandi áhöld áður en byrjað er. Þá geta sjálfstæðari/getumeiri nemendur hafist handa við vinnuna meðan kennarinn aðstoðar þá getuminni.

Fyrir 3. bekk

## Markmið

Að nemandi

- teikni eftir fyrirmælum og búi til einfalt snið
- vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- noti útsaum/vélsaum til skreytinga
- saumi einfaldar línur á saumavél
- vinni eftir leiðbeiningum frá kennara

(Aðalnámskrá grunnskóla. 1999:41)

Fyrir 5. bekk

## Markmið

Að nemandi

- noti einfaldar sporgerðir á saumavél til skreytinga og frágangs
- þekki undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og sikk-sakk á saumavél
- vinni eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum
- upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda

(Aðalnámskrá grunnskóla. 1999:45)


## Efni og áhöld

- Efnispörf er 20x30 cm efnisbútur, gott er að nota flís- eða filtefni, annars það sem hugurinn gírnist.
- Tölur, mislitur tvinni og efni til skreytingar.
- Leirblómapottur.
- Kanilstöng, trjágrein eða spýtuafgangar úr smíðastofunni.
- Oasis-kubbur/leir t.d. afgangar frá myndmenntastofu.
- Snið, skæri, tituprjónar, fatablýantur, reglustrika, málband, saumavél.

## Tré í potti


### Vinnulýsing


Teiknið snið af tré, klippið sniðið út og leggið á efnið.



Festið sniðið niður með títuprjónum.

Teiknið með fram sniðinu. Gott er að nota lit sem hverfur eftir nokkra daga.





Fjarlægið sniðið.

Nú er komið að því að skreyta tréð. Látið hugmyndaflugið ráða ferðinni. Auðvelt er að skreyta með spottum sem saumaðir eru fastir í saumavél eða sauma frjálst með saumavélinni. Þræðið saumavélina með þeim tvinna sem þið ætlið að nota. Saumið á réttuna með því spori sem þið helst kjósið.

Athugið að skreyta einungis annað stykkið í einu svo þau festist ekki saman. Gangið frá öllum lausum endum. Festið tölur eða perlur á tréð á réttunni.

Nú er tréð fest saman. Festið bæði stykkinn saman með títuprjónum. Saumið eftir línunni sem þið teiknuðuð. Einnig er hægt að klippa eftir línunni og sauma saman. Gott er að nota sikk-sakk spor. Passið að skilja eftir op í miðjunni neðst á trénu þar sem kanilstönginni er troðið í.



Klippið fyrir utan saumana ef það hefur ekki verið gert.



Fyllið tréð með tróði.



Setjið lím á kanilstöngina eða greinina og stingið upp í tréð.



Límið saman gatið sem er upp við kanilstöngina.

Setjið oasisubb í blómapott.  
Festið kanilstöngina ofan í oasisubbinn og límið mosa eða annað skraut.

